

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. nóvember 2013 í máli nr. E-1751/2012:

Hampiðjan hf.

(Jón Gunnar Ásbjörnsson hdl.)

gegn

Motusi ehf.

(Bjarni Þór Óskarsson hrl.)

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 1. nóvember sl., er höfðað 16. maí 2012 af Hampiðjunni hf., Skarfagörðum 4 í Reykjavík, gegn Motusi ehf., Laugavegi 97 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 789.325 danskar krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. október 2011 til greiðsludags. Til vara er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 526.521 danska krónu með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. október 2007 til 5. október 2011, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi gerir aðallega þá kröfu að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara að dómkröfurnar verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar.

Með úrskurði 7. mars 2013 var máli þessu vísað frá dómi án kröfu. Með dómi Hæstaréttar Íslands 15. apríl 2013 í máli nr. 196/2013 var frávísunarúrskurðurinn felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar að nýju. Í kjölfarið voru frekari gögn lögð fram uns aðalmeðferð fór fram að nýju 1. nóvember sl.

II.

Hinn 13. febrúar 2004 gerði stefnandi, sem er fyrirtæki sem framleiðir meðal annars veiðarfæri og efni til framleiðslu þeirra, samning við stefnda, sem þá hét Intrum á Íslandi ehf. Með samningnum, sem ber yfirskriftina Innheimtusamningur, tók stefndi að sér innheimtu vanskilaskulda fyrir stefnanda með þeim hætti sem þar er lýst. Í 2. gr. staðlaðra skilmála hans segir að stefndi sé samstarfsaðili Intrum Justitia AB og að samningurinn gildi fyrir „Millilandainnheimtu, sem merkir innheimtur á fyrri stigum, áður en tilefni er til lögfræðilegra aðgerða auk þess sem hann veitir Intrum á Íslandi umboð til að sjá um lögfræðinnheimtu fyrir kröfuhafa“. Þar segir einnig að samningurinn nái til „Kröfuvaktar sem er þjónusta ætluð til innheimtu þeirra krafna sem ekki hefur tekist að fá greiddar þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir“ án lögfræðilegra aðgerða og lögfræðinnheimtu. Í 3. gr. skilmálanna segir jafnframt að millilandainheimtufurlið hefjist fljótlega eftir að vanskil hafi orðið samkvæmt ákvörðun kröfueiganda. Áhersla sé lögð á að bera virðingu fyrir þeim sem skuldar og þess gætt að varðveita og treysta viðskiptasambandið milli hans og kröfueiganda. Þá segir í skilmálunum að stefndi annist „sendingu innheimtumála í lögfræðinnheimtu ef þess er óskað“. Í 12. lið samningsskilmálanna segir: „Millilandainheimtufurli (án lögfræðilegrar innheimtu) skal að jafnaði lokið innan 100 daga frá því að krafa er móttækin til innheimtu hafi ekki verið samið um greiðslufrest. Innheimtu hverrar kröfu sem ekki fæst greidd skal lokið með flutningi í kröfuvakt, flutningi í lögfræðilega innheimtu eða afskrift kröfu og veitir Intrum kröfuhafa ráðleggingar við val á videigandi meðferð fyrir hverja kröfu.“ Í 13. lið samningsskilmálanna kemur fram að stefndi „taki að sér umsjón með lögfræðinnheimtu að aflokinni hefðbundinni Millilandainnheimtu að höfðu samráði við kröfuhafa.“

Samningur þessi gildi í eitt ár og var uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara. Yrði samningnum ekki sagt upp innan þess tíma framlengdist hann sjálfkrafa í eitt ár í senn. Ekki liggur annað fyrir en að samningur þessi hafi verið í gildi er atvik þau, sem mál þetta snýst um, áttu sér stað.

Af gögnum málsins verður ráðið að stefnandi hafi árið 2003 tekið yfir danskt félag, N.P. Utzon, og breytt nafni þess í Hampidjan Danmark AS. Fyrir yfirtökuna hafði danska félagið, í gegnum dótturfélag sitt UAB Utzon, sem eftir yfirtökuna fékk heitið UAB Hampidjan Baltic, verið í samstarfi við norska félagið Selstad AS um tiltekin verkefni í Litháen. Samstarfsverkefni þetta var rekið undir merkjum litháíska félagsins UAB Muradéja, sem mun hafa verið að helmingi í eigu UAB Utzon og að hálfu leyti í eigu norska félagsins. Eftir því sem fram kemur í gögnum málsins var samstarf þetta fólgið í því að litháíska félagið UAB Muradéja leigði vélar af Selstad AS til að framleiða garn. Átti UAB Utzon að nota vélarnar og greiða UAB Muradéja fyrir garnið, sem aftur átti að nota þær tekjur til að greiða Selstad AS leigugreiðslur fyrir vélarnar. UAB Utzon átti síðan að selja norska félaginu garnið, samkvæmt tiltekinni áætlun.

Auk framangreinds samvinnuverkefnis Selstad AS og N.P. Utzon munu fyrirtækin hafa verið í föstu viðskiptasambandi. Þar sem stefnandi var í samkeppni við norska félagið var ljóst að eftir yfirtöku þess á N.P. Utzon yrði ekki framhald á viðskiptum milli félaganna. Selstad AS mun þó hafa haldið áfram um tíma að kaupa netagerðarefni af Hampidjan Danmark AS. Í málinu liggja frammi tveir reikningar sem N.P. Utzon gaf út vegna slíkra viðskipta frá nóvember og desember 2003, samtals að fjárhæð 136.339,67 danskar krónur, og 13 reikningar frá

Hampidjan Danmark AS á hendur Selstad AS, sem gefnir voru út á tímabilinu frá 27. janúar 2004 til 15. júlí 2005, samtals að fjárhæð 390.182,06 danskar krónur. Fjárhæð reikninganna nemur samtals 526.521,73 dönskum krónum.

Af gögnum málsins verður ráðið að norska félagið hafi hafnað greiðsluskyldu sinni samkvæmt framangreindum reikningum. Hinn 22. ágúst 2005 var gerður samningur í Litháen milli dótturfélags stefnanda, UAB Hampidjan Baltic, og Selstad Holding AS, móðurfélags Selstad AS, um slit á félaginu UAB Muradéja og uppgjör milli félaganna vegna samstarfsverkefnisins. Í 6. lið samningsins segir í íslenskri þýðingu löggilts skjalapýðanda: „SELSTAD HOLDING AS sem og dótturfélög þess munu gera upp fyrir lok september, alla gjaldfallna vörureikninga til Hampidjan Danmark AS.“ Fram kemur í 7. lið samningsins að eftir greiðslu reikninganna myndi UAB Hampidjan Baltic gefa út kreditreikninga að fjárhæð 50.000 litháísk lít vegna galla í þegar afhentum vörum. Þá segir í lok samningsins að hann muni „leysa allan ágreining milli fyrirtækjanna hvað varðar UAB „MURADÉJA““. Samningur þessi er undirritaður af framkvæmdastjóra UAB Hampidjan Baltic, Hirti Erlendssyni, og framkvæmdastjóra Selstad Holding AS, Hans Petter Selstad.

Greiðslur á fyrrgreindum reikningum bárust ekki. Af þeim sökum mun UAB Hampidjan Baltic ekki hafa efnt fyrrgreindan 7. tölulið samningsins frá 22. ágúst 2005. Í júní 2006 var Hampidjan Danmark AS slitið, en við það tók stefnandi yfir kröfur samkvæmt framangreindum reikningum á hendur Selstad AS.

Með bréfi 21. september 2006 fól stefnandi stefnda að innheimta reikningana. Í bréfinu var hvorki vikið að því að Selstad AS hefði hafnað greiðsluskyldu né gerð grein fyrir fyrrgreindum samningi frá 22. ágúst 2005.

Í athugasemdakerfi stefnda, þar sem skráðar eru athugasemdir og samskipti í tengslum við innheimtu fyrrgreindra reikninga, kemur fram að 25. október 2006 hafi Jóni Oddi Guðjónssyni, starfsmanni stefnanda, verið tilkynnt í tölvuskeyti að Selstad AS hefði mótmælt kröfunni, en ekki viljað gefa upp á hverju mótmælin væru reist. Var óskað eftir frekari upplýsingum frá stefnanda. Hinn 27. október 2006 er skráð að haft hafi verið samband frá stefnanda og forsaga málsins útskýrð. Hafi viðkomandi starfsmaður stefnanda ætlað að senda starfsmanni stefnda „þetta allt saman í tölvupósti auk samninga sem gerðir voru“. Næsta færsla fór fram 22. júní 2007, en þar segir að engin gögn hafi borist frá kröfuhafa síðan í október og því sé málinu lokað. Í október 2007 var gerð athugasemd af hálfu stefnanda við að málinu hefði verið lokað. Úr varð að stefnandi sendi stefnda samning „sem gerður var við Selstad“. Þau gögn munu hafa verið send til Noregs og málið endurvakið. Hinn 7. maí 2008 var stefnanda tjáð að greiðandi mótmælti áfram greiðsluskyldu. Hefði innheimtu verið lokið á milliinnheimtustigi. Upplýst var að tengiliður stefnda í Noregi hefði átt fund með „sínun lögræðingi“ sem mælti með „að fara með málið í lagalegar aðgerðir, til að fá dóm í málinu“. Upplýst var að „kostnaðurinn við það er 1720 NOK“ og var stefnandi inntur eftir því hvort hann samþykkti „þann kostnað“. Svar barst um hæl þar sem fram kom að stefnandi væri þessu samþykkrur.

Í gögnum málsins kemur fram að stefnandi hafi grennslast fyrir um innheimtu kröfunnar með tölvuskeyti 24. febrúar 2011. Var stefnanda þá tjáð að enn hefði „ekkert frést af greiðslum frá Selstad“. Greiðslu væri sífellt lofað en ekki væri við það staðið.

Með bréfi stefnda 2. október 2011 var stefnandi upplýstur um að starfsmaður Intrum í Noregi, sem unnið hefði að málinu, hefði brugðist „skyldum sínum með alvarlegum hætti“. Hafi hann lítið gert til að innheimta kröfuna „heldur spunnið lygavef um framgang málsins og falsað gögn þar um“. Síðan segir í bréfinu: „Á því tjóni sem þetta kann að hafa valdið er viðurkennd bótaskylda. Hins vegar telur Intrum í Noregi að það skorti á um að tjón sé sannað og sömu afstöðu hefur tryggingafélag félagsins tekið. Motus ehf. á ekki annars kost en að taka sömu afstöðu.“ Stefndi óskaði eftir því að frekari upplýsingar yrðu veittar um samskipti stefnanda og Selstad AS, en félagið norska hefði frá upphafi neitað greiðsluskyldu, án þess að færa fyrir því rök. Bent var á að fyrningartími kröfuréttinda séu þrjú ár í Noregi og því hafi „lunginn af þeim reikningum“ sem málið snúist um verið fyrndur þegar ákvörðun hafi verið tekin um að hefja lögfræðilega innheimtu 7. maí 2008, nema að fyrning þeirra hafi verið rofin. Í þessu sambandi var vikið að samkomulagi Selstad Holding AS og UAB Hampidjan Baltic og spurt hvort það hefði verið efnt af aðilum að öðru leyti en því sem lyti að greiðslu umræddra reikninga. Þá var einnig spurst fyrir um hvort aðrar ástæður gætu legið því til grundvallar að Selstad AS hefði ekki efnt samkomulagið að þessu leyti. Einnig var óskað upplýsinga um hvort til væru pantanir og gögn um afhendingu á þeim vörum sem reikningarnir tækju til. Í niðurlagi bréfsins var upplýst að Intrum í Noregi hefði viðrað þá skoðun sína að best væri að stefnandi beindi kröfum sínum beint þangað ef vilji Hampidjunnar stæði til þess.

Með bréfi lögmanns stefnanda 14. nóvember 2011 var tilgreindum spurningum stefnda svarað. Einnig voru færð rök fyrir því að kröfurnar hefðu verið ófyrndar þegar þær voru sendar til innheimtu. Krafðist stefnandi þess að stefndi greiddi sér 536.140,73 danskar krónur í skaðabætur auk 250.000 íslenskra króna.

Upplýst er að stefndi hefur ekki orðið við þessari kröfu og því er málið höfðað.

III.

1. Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst byggja kröfugerð sína á því að starfsmaður á vegum stefnda hafi valdið sér tjóni sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. Hafi stefndi viðurkennt bótaskyldu en málsaðila greini á um hvaða tjón hafi orðið af háttsemi starfsmannsins.

Stefnandi tekur fram að elstu reikningarnir, sem málið snúist um, hafi verið gefnir út af N.P. Utzon á hendur norska félaginu Selstad AS. Í kjölfar þess að stefnandi hafi tekið danska félagið yfir hafi nafni þess verið breytt í Hampidjan Danmark AS. Hafi nokkrir reikninganna verið gefnir út í nafni þess félags. Stefndi hafi síðan tekið viðskiptakröfurnar yfir í júní 2006 í kjölfar slita á Hampidjan Danmark AS. Því hafi stefnandi verið réttur eigandi viðskiptakrafnanna þegar þær hafi verið sendar til innheimtu hjá stefnda. Því sé stefnandi réttur aðili til sóknar í málinu.

Af hálfu stefnanda er tekið fram að stefndi hafi falið systurfélagi sínu í Noregi að innheimta viðskiptakröfur sínar á norska félagið Selstad AS. Óumdeilt sé að starfsmaður systurfélags stefnda hafi brugðist starfsskyldum sínum með vítaverðum hætti eins og rakið hafi verið. Hafi hann hegðað sér með saknæmum og ólögnum hætti og telur stefnandi að háttsemi hans hafi valdið stefnanda tjóni sem sé sennilega afleiðing háttseminnar. Hafi stefndi þegar viðurkennt bótaskyldu á tjóni sem stefnandi kann að hafa orðið fyrir vegna vanrækslu starfsmannsins. Því sé eingöngu deilt um hvert sé tjón stefnanda vegna háttseminnar.

Stefnandi telur að hin bótaskylda háttsemi hafi leitt til þess að hann hafi glatað kröfum sínum á hendur Selstad AS vegna umræddra viðskiptakrafna. Reikningar þeir sem um sé að ræða nemi samtals 526.521,73 dönskum krónum eins og nánar verði rakið síðar í tengslum við umfjöllun um kröfugerðina.

Stefnandi byggir á því að Selstad Holding AS, sem sé móðurfélag Selstad AS, hafi með samkomulagi, dags. 22. ágúst 2005, viðurkennt reikningskröfurnar og lofað að gera upp skuldir félagsins við Hampidjan Danmark AS. Stefnandi bendir sérstaklega á að samkomulagið sé undirritað af Hans Petter Selstad, framkvæmdastjóra skuldarans Selstad AS, en hann sé einnig framkvæmdastjóri móðurfélagsins Selstad Holding AS. Stefnandi byggir einnig á því að önnur atriði samningsins hafi ekki áhrif á kröfu hans, enda fjalli þau um uppgjör milli UAB Hampidjan Baltic og Selstad Holding AS.

Stefnandi byggir á því að hann hafi orðið fyrir tjóni þar sem framangreindar kröfur hafi ónýst í höndum stefnda og séu nú fyrndar. Samkvæmt viðurkenndri reglu í alþjóðlegum einkamálarétti gildi um samningsskuldbindingu lög þess lands sem skuldbindingin hefur sterkust tengsl við, sé ekki samið um lagaval. Samkvæmt reglum alþjóðlegs einkamálaréttar hafi samningsskuldbinding sterkust tengsl við það land þar sem sá sem aðalskylduna ber hafi aðalstarfsstöð sína, sbr. einnig 2. mgr. 4. gr. laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar. Hampidjan Danmark AS, dótturfélag stefnanda, hafi líkt og nafn félagsins gefi til kynna, verið skrásett í Danmörku og þar hafi aðalstarfsstöð félagsins verið. Ljóst sé að Hampidjan Danmark AS hafi borið aðalskylduna í samningssambandinu við Selstad AS sem hafi falist í afhendingu á vörum til síðarnefnda félagsins sem síðan hafi borið að greiða fyrir með peningum. Því hafi dönsk lög gilt um umþrættar skuldbindingar og hafi fyrningarfrestur krafanna því verið fimm ár, sbr. 1. gr. hinna eldri dönsku fyrningarlaga nr. 274/1908. Með það í huga sé ljóst að enginn af þeim reikningum, sem óskað hafi verið eftir að yrðu innheimtir, hafi verið fyrndir þegar þeir hafi verið sendir til innheimtu 21. september 2006.

Stefnandi bendir einnig á að að Selstad Holding AS hafi með samkomulaginu frá 22. ágúst 2005 viðurkennt að félagið, og dótturfélög þess, myndu greiða útistandandi kröfur stefnanda á hendur Selstad AS. Álitamál sé hvort stefnandi hafi með þessu slitið fyrningu krafanna og að nýr fyrningarfrestur hafi byrjað að líða frá þeim degi. Stefnandi telur þetta ekki hafa þýðingu við úrlausn málsins. Annars vegar sé mjög óljóst hvort umrædd viðurkenning uppfylli skilyrði 2. gr. eldri dönsku fyrningarlaganna til að slíta fyrningu. Hins vegar sé ljóst að jafnvel þótt fyrningu krafanna hefði verið slitið með samkomulaginu, hefði nýr fimm ára fyrningarfrestur byrjað að líða frá 22. ágúst 2005 í samræmi við 2. gr. eldri dönsku fyrningarlaganna og hefðu kröfurnar því fyrnst fimm árum síðar eða 22. ágúst

2010. Kröfurnar séu því fyrndar í dag og hefur stefnandi orðið fyrir tjóni af þeim sökum, enda geti hann ekki innheimt kröfurnar lengur hjá skuldara.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hann eigi rétt á því að verða eins settur fjárhagslega og hefði tjón ekki orðið. Tjón stefnanda nemi þeim fjárhagslega mismun sem sé á þeirri atburðarás, sem ætla megi að hefði orðið ef hið bótaskylda atvik hefði ekki átt sér stað, og þeirri sem varð í raun. Stefnandi hafi ekki fengið neitt greitt upp í þær kröfur sem hann hafi falið stefnda að innheimta. Stefnandi telur að ef rétt hefði verið staðið að innheimtu krafanna hefði hann fengið höfuðstól krafanna greiddan auk dráttarvaxta til greiðsludags.

Höfuðstóll reikninganna hafi samtals numið 526.521,73 dönskum krónum. Kröfufjárhæð í aðalkröfu sé fundin út með því að bæta við höfuðstól reikninganna 7% dráttarvöxtum, sem séu lágmarksdráttarvextir samkvæmt 5. gr. dönsku vaxtalaganna nr. 583/1986 með síðari breytingum og d-lið 3. gr. tilskipunar 2000/35/EB um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum, frá gjalddaga hvers reiknings til 5. október 2011, en frá þeim degi sé krafist íslenskra dráttarvaxta, eins og að neðan greini. Stefnandi kveðst styðja þessar reikniforsendur þeim rökum að hefði réttilega verið staðið að innheimtu krafanna hefði fyrningu dráttarvaxta verið slitið og vextirnir haldið áfram að safnast til greiðsludags. Dráttarvextirnir hafi ekki verið höfuðstólsfærðir milli ára við útreikning þeirra þar sem slíkt sé almennt ekki heimilt í dönskum rétti. Aðalkrafa stefnanda er sundurliðuð með svofelldum hætti í stefnu:

Dagsetningar krafna	Gjalddagar krafna	Reikningur	Höfuðstóll í DKK	Dráttarvextir í DKK til 2. okt. 2011	Samtals
31.12.2003	31.12.2003		136.339,67	74.096,82	210.436,49
27.01.2004	27.02.2004	SI000120	102.079,60	54.346,04	156.425,64
18.03.2004	18.04.2004	SI000166	10.717,20	5.536,92	16.254,12
18.03.2004	18.04.2004	SI000167	13.542,50	6.996,58	20.539,08
06.05.2004	06.06.2004	SI000249	3.483,00	1.766,95	5.249,95
08.06.2004	08.06.2004	SI000321	13.267,80	6.725,67	19.993,47
09.06.2004	09.06.2004	CI00000024	725,00	367,37	1.092,37
30.11.2004	30.12.2004	SI000694	91.518,00	43.349,03	134.867,03

08.12.2004	08.01.2005	SI000698	61.801,60	29.165,21	90.966,81
29.12.2004	29.01.2005	CI00000046	10.828,35	5.065,86	15.894,21
01.04.2005	01.05.2005	SI000850	16.672,75	7.407,80	24.080,55
30.06.2005	30.07.2005	SI000938	17.926,26	7.654,51	25.580,77
30.06.2005	30.07.2005	SI000939	44.520,00	19.010,04	63.530,04
15.07.2005	15.08.2005	CI00000061	3.100,00	1.314,66	4.414,66
Samtals			526.521,73		789.325,19

Stefnandi krefst í öllum tilvikum dráttarvaxta frá 5. október 2011 og vísar í því sambandi til 9. gr. laga nr. 38/2001, en þá hafi mánuður verið liðinn frá því að starfsmaður stefnanda hafi sent fyrirsvarsmanni stefnda kröfu um skaðabætur í tölvupósti, dags. 5. september 2011. Verði ekki fallist á dráttarvexti frá 5. október 2011 byggir stefnandi á því að hann eigi rétt á dráttarvöxtum frá 14. desember 2011, en þá hafi verið liðinn mánuður frá því að stefnandi sendi stefnda kröfu um skaðabætur bréfleiðis hinn 14. nóvember 2011.

Varakröfuna kveður stefnandi setta fram ef dómurinn fellst ekki á að krafa stefnanda á hendur Selstad AS eigi að bera 7% dráttarvexti samkvæmt 5. gr. dönsku vaxtalaganna nr. 583/1986, með síðari breytingum, frá gjalddaga krafanna til greiðsludags. Gerir stefnandi þá kröfu um greiðslu á höfuðstól krafanna eins og hann komi fram á ítarlegum gjalddagalista. Stefnandi telur að ef rétt hefði verið staðið að innheimtu krafanna hefði hann a.m.k. fengið höfuðstól þeirra greiddan.

Þá krefst stefnandi jafnframt vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ljóst sé að hið bótaskylda atvik í skilningi ákvæðisins hafi orðið vegna samfelldrar háttsemi starfsmanns stefnda. Þykir stefnanda rétt að miða við að hið bótaskylda atvik hafi orðið þegar stefnandi hafi sent stefnda kröfur sínar til innheimtu eða 21. september 2006. Stefnandi reikni vexti fjögur ár aftur í tímann frá þeim degi er stefndi viðurkenndi bótaskyldu sína með bréfi, dags. 2. október 2011. Skaðabótavextir fjögur ár aftur í tímann frá þeim degi séu þannig ófyrndir. Þannig sé krafist vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 2. október 2007 til 5. október 2011, en frá þeim degi sé krafist íslenskra dráttarvaxta í samræmi við það sem að ofan greini um dráttarvexti af aðalkröfu.

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína á almennum reglum skaðabótaréttarins um skaðabætur utan samninga og reglum um ábyrgð sérfræðinga á tjóni sem þeir valdi viðskiptamönnum við framkvæmd starfa sinna. Einnig sé vísað til viðurkenningar stefnda á bótaskyldu en með því hafi hann gefið stefnanda loforð sem hann sé bundinn af samkvæmt almennum reglum kröfu- og samningaréttar.

Málskostnaðarkrafa stefnanda eigi sér stoð í 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Um heimild til kröfusamlags vísar stefnandi til 1. mgr. 27. gr.

2. Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir aðallega á því að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni vegna þeirra atvika sem mál þetta fjalli um, en til vara að tjón hans geti aldrei numið nema litlu broti af dómkröfunum. Af hans hálfu er á það bent að Selstad AS hafi allt frá upphafi innheimtutilrauna samstarfsaðila stefnda mótmælt greiðsluskyldu sinni.

Stefndi tekur fram að af stefnu megi ráða að greiðsluskylda Selstad AS kunni að eiga sér stoð í samkomulaginu frá 22. ágúst 2005 og fyrri samningum og viðskiptum aðila. Sé það svo að samkomulagið bindi stefnanda og Selstad AS byggir stefndi á því að þá verði að líta á efndir þess heildstætt. Heldur stefndi því fram að efnisatriði þess, hafi ekki verið efnd, eða þá aðeins að litlu leyti, en um það hafi stefnandi veitt afar takmarkaðar upplýsingar. Hafi samkomulagið bundið aðila hafi fyrri lögskiptum lokið, nema að þessu samkomulagi væri rift, en af gögnum málsins verði ekki séð að það hafi verið gert. Því hafi innheimta reikninganna verið haldlaus. Stefnandi hefði því átt að sækja efndir samkomulagsins en hann hafi ekki óskað eftir að stefndi gerði það.

Af hálfu stefnda er á það bent að stefnandi hafi aldrei lagt fram önnur gögn um tilvist og efni krafna sinna en afrit reikninga. Stefnandi hafi ekki lagt fram pantanir, fylgibréf, afhendingarseðla eða móttökukvittanir vegna meintra krafna. Þá hafi stefnandi engar upplýsingar lagt fram um samskipti sín, utan eins tölvuskeytis frá 11. apríl 2006, eða þeirra aðila sem hann leiði rétt sinn frá, við Selstad AS. Slík samskipti hljóti þó að vera til, og er á því byggt að stefnandi hafi vitað, eða mátt vita, að kröfunum yrði mótmælt. Þessum upplýsingum hafi hann leynt bæði fyrir stefnda og samstarfsaðila stefnda í Noregi. Stefnandi hafi þannig afhent kröfurnar til innheimtu sem óumdeildar skuldir vegna úttekta á vörum, þegar að baki viðskiptunum hafi legið flókin og margháttuð samskipti og samstarf og greinilegur ágreiningur hafi verið milli aðila. Þetta megi sjá bæði á fyrrgreindu samkomulagi, sem stefnandi hafi reyndar upplýst um fljótlega í innheimtuferlinu, og á fyrrgreindu tölvuskeyti, sem fyrst hafi verið upplýst um í máli þessu. Stefnandi hafi þannig í engu lagt fram sannanir fyrir efni eða tilvist meintrar kröfu, gegn eindreginni neitun Selstad AS á greiðsluskyldu. Hann komi máli sínu ekki í ferli sem lögfræðilegu ágreiningsefni, sem ætlast hafi mátti til af honum sem alþjóðlegu fyrirtæki.

Stefndi kveðst byggja á því sjálfstætt að hvorki stefnandi, eða þeir aðilar sem hann leiði rétt sinn frá, né Selstad AS, hafi verið aðilar að samkomulaginu 22. ágúst 2005. Þegar af þeirri ástæðu hafi það ekki getað rofið fyrningu krafna samkvæmt reikningunum.

Stefndi byggir enn fremur á því að það sé rétt mat hjá lögmanni samstarfsaðila síns í Noregi, sbr. bréf hans 10. janúar 2012, að norsk lög eigi að gilda við innheimtu meintra krafna í Noregi. Þá sé og á því byggt að ef talið verði að stefndi beri ábyrgð á meintu tjóni stefnanda geti það tjón ekki numið nema höfuðstólsfjárhæð og vöxtum samkvæmt norskum lögum, til þess dags er meintar

kröfur féllu niður sökum fyrningar, en fyrningartími að norskum rétti er þrjú ár á kröfum vegna sölu lausafjár. Eftir það tímamark ætti að líta til ákvæða laga um vexti af skaðabótakröfum, ef vexti ætti á annað borð að greiða.

Stefndi byggir á því að allar meintar kröfur stefnanda á Selstad AS, nema ef til vill samkvæmt þremur reikningum, hafi verið fyrndar þegar óskað hafi verið lögfræðilegra aðgerða 7. maí 2008. Þeir þrír reikningar sem um ræði séu allir með skilmálunum „30 days net“ og séu þessir:

DKK 17.926,26 útgefinn 30.06.2005

DKK 44.520,00 útgefinn 30.06.2005

DKK 3.100,00 útgefinn 15.07.2005

Samtals séu þessir reikningar að fjárhæð 65.546,26 DKK.

Stefndi kveðst byggja á því sjálfstætt að svo stutt hafi verið til fyrningar fyrrgreindra þriggja reikninga, þegar ákveðið var að grípa til lögfræðilegra aðgerða, og upplýsingar frá stefnanda svo takmarkaðar, að ekki hafi verið til staðar réttmætar væntingar hans um að samstarfsaðila stefnda tækist að rjúfa fyrninguna. Því geti sú staðreynd, að fyrning hafi ekki verið rofin, ekki talist saknæm háttsemi. Engin skilyrði séu því fyrir bótaskyldu. Til stuðnings þessari málsástæðu áréttar stefndi að nauðsynlegar upplýsingar hafi ekki legið fyrir. Málshöfðun að svo búnu hefði leitt til tapaðs dómsmáls, með kostnaði sem af slíku leiði. Öllum þessum upplýsingum hafi stefnandi haldið fyrir sig, en vitað eða mátt vita að þær væru nauðsynlegar til að málatilbúnaður umboðsmanns hans stæðist skoðun. Þetta leiði til þess að verði háttsemi samstarfsaðila stefnda talin saknæm verði tjónið ekki sennileg afleiðing, þar sem ómögulegt hafi verið að ná fram dómi að svo búnu. Að auki, en ekki síst, hafi skort á orsakasamhengi.

Verði niðurstaða dómsins sú að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni byggir stefndi á því að stefnandi hafi ekki sýnt fram á það á hverju bótaskylda stefnda sé reist. Hann mótmælir þeirri málsástæðu stefnanda sem rangri og ósannaðri að stefndi hafi tekið á sig bótaskyldu umfram það sem leiða kunní af lögum. Engin viðurkenning stefnda á bótaskyldu felist í bréfi stefnda frá 2. október 2011.

Þá byggir stefndi sjálfstætt á því að stefndi beri ekki ábyrgð á sviksamlegri háttsemi starfsmanns samstarfsaðila síns í Noregi. Af hálfu stefnanda hafi ekki verið bent á neina þá háttsemi stefnda sem uppfylli skilyrði þeirra bótareglna sem hann vísi til, en þær geri ráð fyrir saknæmri og ólögætri hegðun og takmarki ábyrgð við sennilega afleiðingu. Sjálfstætt sé byggt á því að stefnandi hafi vitað að starfsmenn stefnda myndu ekki sinna innheimtunni, heldur eingöngu hafa milligöngu um að fá aðila í heimaríki skuldara til að gæta hagsmuna sinna. Stefndi hafi ekki ábyrgst, hvorki beint né óbeint, störf eða árangur þess aðila eða starfs manna hans.

Þá tekur stefndi fram, að þrátt fyrir að stefnandi byggi ekki á þeirri sérreglu skaðabótaréttarins, sem hafi verið nefnd húsbóndaábyrgðarreglan eða vinnu veitandaábyrgðarreglan, sé framkoma starfsmanns samstarfsaðila stefnda í Noregi svo fjarri starfsskyldum hans að hún falli utan ábyrgðarsviðs þeirrar reglu, auk þess

sem sú regla taki ekki til starfsmanna annarra en húsbóndans/vinnuveitandans sjálfs.

Stefndi byggir einnig á því að stefnandi hafi ekki upplýst um það með hvaða hætti hann hafi eignast hinar meintu kröfur fyrr en við þingfestingu þessa máls, sem leiddi til þess að kröfunni varð ekki með réttum hætti haldið til laga. Þá sé sjálfstætt byggt á því að hafi Selstad AS átt mótbárur gegn upphaflegum kröfuhöfum, verði stefnandi að una þeim.

Enn fremur standi engin heimild til þess að reikna danska dráttarvexti á kröfuna né heldur að reiknaðir og dæmdir verði íslenskir vextir, dráttarvextir eða aðrir vextir, á kröfuna í dönskum krónum.

Af hálfu stefnda er einnig byggt á því að vilji stefnandi krefjast skaðabóta úr hendi íslensks aðila beri honum að gera það í íslenskum krónum. Ljóst sé að stefnda væri ómögulegt í núverandi lagaumhverfi að afla gjaldeyris til að greiða dómkröfuna í dönskum krónum. Ef krafan yrði dæmd í dönskum krónum væri í raun verið að verðtryggja dómkröfurnar miðað við gengi þess gjaldmiðils, og eins og dómkrafan sé úr garði gerð væri „verðbótapáttur“ vaxta vegna stöðu íslensku krónunnar einnig á hana lagður.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda er á því byggt að dómkrafa stefnanda sé til muna of há og að stefnandi hafi ekki lagt fram gögn sem nægi til sönnunar á kröfum hans. Þá sé þess ekki gætt að vextir séu ekki höfuðstólsfærðir oftar en á tólf mánaða fresti.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefndi til almennra reglna skaðabótaréttarins um skaðabætur utan samninga og reglna um ábyrgð sérfræðinga á tjóni sem þeir valda viðskiptamönnum sínum við framkvæmd starfa sinna, almennra reglna um skuldbindingargildi samninga, skyldu til að efna fjárskuldbindingar og laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Vegna takmarkana á gjaldeyrisviðskiptum vísar stefndi almennt til laga um gjaldeyrisráðgjafi, nr. 87/1992, með áorðnum breytingum og stjórnvaldsfyrirmæla. Um málskostnað vísar stefndi til XXI. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 19/1991.

IV.

Eins og rakið hefur verið telur stefnandi sig eiga skaðabótakröfu á hendur stefnda þar sem hann hafi orðið fyrir tjóni með því að viðskiptakröfur, samtals að fjárhæð 526.521,73 danskar krónur, sem stefnandi fól stefnda að innheimta hjá norska félaginu Selstad AS, hafi fallið niður sökum fyrningar. Telur stefnandi að rekja megi tjón sitt til saknæmrar vanrækslu af hálfu stefnda, þar sem ekki hafi verið gripið til nauðsynlegra, lagalegra úrræða til að innheimta kröfurnar. Í samræmi við almennar sönnunarreglur hvílir sönnunarbyrðin í meginatriðum á stefnanda um að hann hafi orðið fyrir tjóni sem stefnda beri að bæta honum.

Stefndi er fyrirtæki sem tekur að sér að innheimta fjárkröfur fyrir viðskiptamenn sína, meðal annars á hendur erlendum skuldurum í gegnum samstarfsaðila sína erlendis. Á grundvelli samnings aðila 13. febrúar 2004 og að

beiðni stefnanda tók stefndi að sér „umsjón með“ innheimtu krafna á hendur Selstad AS, við svonefnda millilandinnheimtu, sbr. einkum 3. og 12. gr. samningsskilmálanna. Stefndi tók einnig að sér „umsjón með“ lögfræðinnheimtu krafna, sbr. 13. gr. í skilmálunum, eftir að stefnandi samþykkti að grípa til slíkra úrræða 7. maí 2008. Stefndi var ekki í samningssambandi við samstarfsaðila stefnda í Noregi og öll samskipti um innheimtu á kröfunum voru milli starfsmanna stefnanda og stefnda. Stefndi reisir sýknukröfu sína ekki á aðildarskorti, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Þá er til þess að líta að í bréfi stefnda til stefnanda 2. október 2011 segir að viðurkennd sé bótaskylda á því tjóni sem vanræksla starfsmanns Intrum í Noregi kunni að hafa valdið. Ágreiningur lúti því einungis að því hvort fyrir liggi að tjón hafi hlotist af vanrækslunni. Þegar jafnframt er litið til þess sem segir í niðurlagi bréfsins verður að ganga út frá því að stefndi hafi með þessari yfirlýsingu fallist á að unnt sé að beina skaðabótakröfunni að sér þó að hin saknæma vanræksla hafi átt sér stað hjá Intrum í Noregi. Að þessu gættu er stefnda ekki unnt að bera það fyrir sig að útilokað sé að hann geti borið skaðabótaábyrgð á háttsemi starfsmanns samstarfsaðila síns í Noregi.

Í ljós kom árið 2011, eftir að kröfur stefnanda höfðu verið í löginnheimtu í þrjú ár í Noregi, að starfsmaður Intrum í Noregi hafði litið gert til þess að innheimta þær heldur logið til um framgang málsins og jafnvel falsað dómsúrlausn um niðurstöðu þess. Þegar þetta kom í ljós voru kröfurnar fallnar niður sökum fyrningar. Með þessari háttsemi gerðist starfsmaðurinn sekur um saknæma vanrækslu við innheimtu krafna. Ekki er fallist á með stefnda að hegðun starfsmannsins falli utan ábyrgðarsviðs reglunnar um vinnuveitandaábyrgð. Verður stefndi samkvæmt framansögðu að bera skaðabótaábyrgð á þessari vanrækslu.

Ágreiningur aðila lýtur að svo búnu að því hvort stefnandi hafi beiðið tjón af þessari vanrækslu við innheimtu krafna. Stefndi mótmælir því og telur á það hafa skort að kröfunum hafi verið fylgt úr hlaði af hálfu stefnanda á þann veg að höfða hafi mátt mál til innheimtu reikninganna í tæka tíð gegn Selstad AS í Noregi. Hafi stærsti hluti krafna meðal annars verið fyrndur þegar óskað hafi verið eftir því að kröfurnar færu í löginnheimtu.

Stefnandi hefur ekki borið því við að stefnda hafi verið rétt að innheimta kröfurnar annars staðar en í Noregi sem er heimaríki Selstad AS. Við úrlausn á framangreindu álitaeftni verður því að taka mið af þeim lagareglum, sem lagðar hefðu verið til grundvallar í skuldamáli stefnanda gegn Selstad AS fyrir norskum dómstólum, og hvers vænta mátti um árangur af slíkri málshöfðun.

Viðskiptakröfur þær sem stefnandi fól stefnda að innheimta áttu rætur að rekja til kaupa norska félagsins Selstad AS á vörum af danska félaginu Hampidjan Danmark AS, áður N.P. Utzon. Samkvæmt framlögðum reikningum átti hinn norski kaupandi að greiða kaupverðið í dönskum krónum með því að leggja það inn á reikning seljanda í viðskiptabanka hans í Danmörku. Á nokkrum reikninganna kemur fram að afhending fari fram „ex works“ eða „exw“, sem merkir að afhending hafi átt að fara fram á starfsstöð seljanda, t.d. við lager eða verksmiðjudy. Þó bera fjölmargir reikninganna með sér að varan hafi verið send til Noregs á kostnað kaupanda. Reikningur vegna flutningskostnaðar, dags. 29. desember 2004, sem til féll við flutning á vörum samkvæmt reikningum 30. nóvember og 8. desember sama ár, gefur til kynna að vörurnar sem um ræðir hafi verið fluttar frá Šiauliai í Litháen til Danmerkur og þaðan til Noregs, allt á kostnað

kaupanda. Ekki verða dregnar ályktanir af öðrum reikningum um hvar afhending á vörunum hafi farið fram. Í ljósi alþjóðlegs eðlis viðskiptinna telur dómurinn einsýnt að við úrlausn krafna stefnanda fyrir norskum dómstólum hafi þurft að fylgja þeim reglum sem giltu í Noregi um lagaval í alþjóðlegum viðskiptum.

Stefnandi hefur lagt fyrir dóminn norsk lög frá 1964 um lagaval í alþjóðlegum viðskiptum (Lov om mellemfolkeleg-privatrettslege regler for lausøyrekjøp). Ekki liggur annað fyrir en þessi lög hafi verið í gildi á þeim tíma er þau viðskipti áttu sér stað sem reikningarnir lúta að. Í 1. gr. laganna segir að þau gildi um lausafjárkaup sem hafi tengsl við fleiri ríki en eitt á þann hátt að líta verði á kaupin sem milliríkjakaup. Hafi ekki verið samið um lagaval milli seljanda og kaupanda segir í 1. máls. 1. mgr. 4. gr. laganna að „kaupin falli undir réttarreglur þess lands sem seljandinn var búsettur í þegar hann tók við pöntuninni frá kaupandanum“. Samkvæmt þessum fyrirmælum, sem og 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. laganna, ræður það lagavali í alþjóðlegum viðskiptum í Noregi hvar tekið hafi verið við pöntun, enda hafi ekki verið samið um annað.

Í málinu liggur ekki fyrir að samið hafi verið um hvaða lög ættu að gilda um viðskiptakröfurnar, en samningar sem stefndi hefur lagt fram undir rekstri málsins lúta ekki að þeim. Pantanir Selstad AS hafa ekki verið lagðar fram í málinu. Aftur á móti virðist Hampidjan Danmark AS, áður N.P. Utzon AS, ekki hafa verið með starfsemi í Noregi. Eins og málið liggur fyrir verður því að ganga út frá því að tekið hafi verið við pöntuninum í Danmörku, þar sem félagið hafði aðalstarfsstöð sína og lager. Af því leiðir að dönsk lög hefðu átt að gilda um kaup norska fyrirtækisins á umræddum. Með vísan til 4. gr. norsku laganna, sem áður er getið, verður af þessum sökum að leggja til grundvallar að norskir dómstólar hefðu byggt á dönskum lögum í dómsmáli um viðskiptin.

Fyrir liggur að Noregur er aðili að alþjóðlegum sáttmála um fyrningu í alþjóðlegum vöruviðskiptum sem undirritaður var í New York 14. júní 1974 (Convention on the Limitation Period in the International Sale of Goods). Við undirritun samningsins gerði norska ríkið fyrirvara um að hann tæki ekki til viðskipta milli Norðurlanda. Þá kemur fram í samningnum að hann gildi einungis í alþjóðlegum viðskiptum þar sem efna ber kaupssamning í öðru samningsríki, sbr. 3. gr. hans, en Danmörk á ekki aðild að samningi þessum. Fyrrgreindur alþjóðasamningur getur því ekki haft neina enga þýðingu um fyrningu á kröfu hins danska seljanda gagnvart hinum norska kaupanda.

Dómurinn telur því í ljós leitt að dönsk lög nr. 274 frá 1908 um fyrningu tiltekinna krafna hafi gilt um fyrningu viðskiptakrafna, en ekki verður séð að ný fyrningalög, er tóku gildi í Danmörku 1. janúar 2008, hafi þýðingu að þessu leyti. Samkvæmt 1. gr. fyrningalaganna frá 1908 fyrndust kröfur, sem reistar voru á kaupsamningi um vöru og annað lausafé, á fimm árum. Þá segir í 2. gr. að krafa falli niður nema kröfuhafi, fái viðurkenningu skuldans á skuldinni áður en fyrningarfresturinn rennur út eða gripi til lagalegs úrræðis gagnvart viðkomandi og fylgi því eftir án tafar til að ná fram sátt, dómi eða annarri dómsúrlausn.

Í ljósi samnings aðila frá 13. febrúar 2004 mátti stefnanda vera ljóst að með því að fela stefnda innheimtu krafna á hendur Selstad AS með bréfi 21. september 2006 yrði í fyrstu ekki gripið til úrræða sem gátu slitið fyrningu þeirra einhliða. Það yrði ekki gert nema með aðgerðum sem fólu í sér lögfræðinnheimtu samkvæmt 13. gr.

samningsskilmálanna. Í málinu liggur fyrir að stefnanda hafi verið tilkynnt 25. október 2006 að kröfunum hefði verið mótmælt af skuldara. Í kjölfarið virðist starfsmaður stefnanda hafa útskýrt málavexti að einhverju leyti og tjáð starfsmanni stefnda að frekari gögn um málið yrðu send. Þau gögn virðast ekki hafa borist fyrr en um ári síðar. Verður stefnda ekki um það kennt að innheimta viðskiptakrafna hafi verið látin bíða frekari upplýsinga frá stefnanda. Millilandainnheimtu var fram haldið eftir að frekari gögn voru send til Intrum í Noregi haustið 2007. Selstad AS hafnaði áfram greiðsluskyldu og voru viðskiptakröfurnar ekki settar í löginnheimtu fyrr en 7. maí 2008. Þá lá fyrst fyrir beiðni af hans hálfu um aðgerðir sem voru fallnar til þess að slíta fyrningu krafna. Á þeim tíma voru rúm fjögur ár og fjórir mánuðir liðnir frá gjalddaga elsta reikningsins og rúm tvö ár og átta mánuðir frá gjalddaga yngsta reikningsins. Engir reikninganna voru því fyrndir þegar stefnandi óskaði eftir því að gripið yrði til aðgerða sem voru til þess fallnir að slíta fyrningu þeirra. Telur dómurinn að með því hafi stefnda og Intrum í Noregi gefist nægjanlegt ráðrúm til að slíta fyrningu krafna með málshöfðun fyrir norskum dómstólum.

Í málinu liggur fyrir að Selstad AS hafnaði greiðsluskyldu á umræddum reikningum, sbr. bréf, dags. 24. október 2006. Þar var boðað að félagið myndi hafa samband við stefnanda án þess að fram kæmi í hverju mótmæli félagsins fælust. Í tölvuskeyti frá framkvæmdastjóra og eiganda Selstad AS, Hans Petter Selstad, 6. september 2012, eftir að mál þetta var höfðað, er vísað til þessa bréfs og tekið fram að félagið hafi talið kröfurnar ógildar. Að öðru leyti er þar vísað til munnlegra skýringa sem veittar höfðu verið lögmanninum Stein Eikeland 22. desember 2011. Í bréfi lögmannsins til stefnda 10. janúar 2012 er gerð grein fyrir þeim röksemdum sem Hans Petter Selstad taldi leiða til þess að félagi hans væri ekki skylt að greiða reikningana. Í bréfinu segir meðal annars orðrétt í íslenskri þýðingu löggilts skjalapýðanda: „Hr. Hans Petter Selstad – sem skrifaði undir samninginn 2005 – upplýsir mig um að meginástæða deilunnar sé að Muradeja, fyrirtæki í eigu Selstad/Hampidjunnar (Utzon), hafi ekki borgað leigu fyrir vélarnar til Selstad AS og hafi viljað skuldajafna reikningunum frá Utzon/Hampidjan á móti ógreiddu leigunni. Selstad tjáði mér einnig að samningurinn frá 2005 hafi verið gerður undir hótunum um að setja Muradeja í gjaldþrot og því hafi þeir ákveðið að hætta starfsemi í Litháen og flytja vélarnar aftur til Noregs. Hr. Selstad upplýsti að þegar Hampidjan Baltic efndi ekki ákvæðin í samningnum hafi þeir einnig talið að þeim væri það óskilt.“

Mótmæli Selstad AS á greiðsluskyldu sinni voru því ekki reist á því að reikningarnir væru tilefnislausir eða rangir. Þá ber að áréttta að framkvæmdastjóri Selstad AS, Hans Petter Selstad, undirritaði samning þann sem áður er getið 22. ágúst 2005, þar sem Selstad Holding AS lofaði af sinni hálfu og af hálfu dótturfélaga þess að gera upp fyrir lok september 2005 alla gjaldfallna vörureikninga frá Hampidjan Danmark AS. Mótmæli Selstad AS við reikningunum virðast því einungis hafa verið reist á því að unnt væri að skuldajafna kröfum félagsins um leigugreiðslur á hendur litháíska félaginu UAB Muradeja á móti þessum kröfum Hampidjan Danmærk AS. Árangur málshöfðunar til innheimtu reikninganna hefði því alfarið ráðist af því hvort Selstad AS tækist að sýna fram á að félagið ætti gagnkröfu sem væri tæk til skuldajöfnunar á móti aðalkröfu stefnanda.

Meðan vörureikningarnir voru í millilandainnheimtu hjá stefnda virðist stefnandi hafa upplýst stefnda um samstarfsverkefni sitt og Selstad AS í Litháen og lagt fram afrit samningsins frá 22. ágúst 2005. Ákvæði 6. og 7. greina þess samnings komu ekki til framkvæmda og verður ekki séð að samningurinn hafi breytt neinu um skuldbindingu Selstad AS á grundvelli þeirra viðskipta sem vörureikningarnir lutu að.

Í ljósi þess sem fyrir liggur um ágreining stefnanda og Selstad AS verður ekki talið að á það hafi skort að stefnandi hafi lagt fram nægjanleg gögn um viðskiptin svo höfða hafi mátt mál gegn Selstad AS í því skyni að fá aðfararhæfan dóm um kröfurnar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að skilyrðum um gagnkvæmni hafi verið fullnægt milli krafna stefnanda á hendur Selstad AS og kröfu þess á hendur litháíska félaginu UAB Muradeja til að unnt væri að beita viðeigandi reglum um skuldajöfnuð. Að öðru leyti er ekkert fram komið í málinu sem gefur til kynna að innheimta viðskiptakrafna stefnanda á hendur norska félaginu hefði ekki skilað árangri. Af þessum sökum verður á það fallist að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni sökum saknæmrar vanrækslu við innheimtu krafanna. Í samræmi við það sem áður hefur verið rakið verður stefndi að bera skaðabótaábyrgð á því tjóni.

Reglur um skaðabætur miða að því að gera tjónþola eins settan fjárhagslega og tjónsatvik hefði ekki komið til. Kröfurnar sem fyrndust voru í dönskum krónum og fólst tjón stefnanda í því að fá þær ekki greiddar. Til að gera stefnanda eins settan fjárhagslega og Selstad AS hefði efnt kröfurnar krefst stefnandi skaðabóta í dönskum krónum. Eins og hér háttar til verður ekki séð að almennar reglur skaðabóta- eða kröfuréttar hamli því að stefnandi krefjist skaðabóta í dönskum krónum. Þá eru dómafordæmi fyrir því að íslenskir aðilar séu dæmdir til greiðslu í erlendri mynt bæði frá því fyrir og eftir að höft voru sett á gjaldeyrisviðskipti hér á landi.

Kröfugerð stefnanda í aðalkröfu er reist á fjárhæð vörureikninganna, en við þá fjárhæð er bætt 7% dráttarvöxtum frá gjalddaga í hverju tilviki til 5. október 2011, en frá þeim tíma krefst stefnandi dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Á það verður að fallast að tjón stefnanda nemi ekki aðeins fjárhæð hinna ógreiddu vörureikninga heldur einnig þeim dráttarvöxtum sem stefnandi hefði átt tilkall til fram á greiðsludag. Eins og rakið hefur verið áttu dönsk lög við um umrædd viðskipti og verður að gera ráð fyrir að stefnandi hefði átt rétt á að dráttarvextir legðust við fjárhæð vörureikninganna frá gjalddaga í samræmi við dönsk lög. Samkvæmt 5. gr. dönsku vaxtalaganna, sem birt voru í dönskum stjórnartíðindum (Lovtidende) 13. september 2002, tóku dráttarvextir, á þeim tíma sem hér skiptir máli, mið af tilteknu „viðmiðunarvaxtastigi sem ákvarðað er með 7% álagi“, eins og segir í þýðingu löggilts skjalaþýðanda. Því gátu dráttarvextir á hinar gjaldföllnu kröfur að lágmarki numið 7% á ári. Ekki liggur fyrir að dráttarvextir af kröfum stefnanda á hendur Selstad AS hafi fyrnst á skemmri tíma en höfuðstóll kröfunnar. Þá verður að leggja til grundvallar að slíta hafi mátt fyrningu þeirra með málshöfðun gegn norska félaginu. Í þessu ljósi ber að fallast á að taka beri mið af framangreindum vöxtum við útreikning á skaðabótum til stefnanda.

Við aðalmeðferð málsins byggði stefndi á því að draga bæri frá skaðabótum stefnanda fjárhæð sem nemur þóknun sem stefndi hefði fengið við innheimtu

krafnanna. Þessari málsástæðu var mótmælt af hálfu stefnanda sem of seint fram kominni. Í greinargerð stefnda er ekki vikið að því að lækka beri skaðabætur stefnanda á þessum forsendum, verði á þær fallist. Með vísan til 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 kemur þessi málsástæða því ekki til álita.

Stefndi hafnar því að skaðabótakrafan, sem sett er fram í dönskum krónum og á rætur að rekja til innheimtu á viðskiptakröfu dansks félags á hendur norsku félagi, geti borið dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. október 2011 til greiðsludags. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að með gildistöku laga nr. 38/2001 var sérregla 11. gr. þágildandi vaxtalaga, um dráttarvexti af peningakröfum í erlendri mynt, afnumin. Tekið var fram í athugasemdum með frumvarpi því er varð að lögunum að framvegis færi um dráttarvexti af slíkum kröfum eftir almennum reglum. Þar er nánar rakin ástæða eldri sérreglu, sem virðist hafa átt rætur að rekja til langvarandi rýrnunar á verðgildi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum, en almennt hafi verið litið svo á að væru peningakröfur í erlendri mynt fæli það í sér eins konar verðtryggingu þeirra. Þóttu þessar aðstæður ekki lengur vera fyrir hendi. Því væru rökin sem lágu að baki sérreglu um dráttarvexti af peningakröfum í erlendri mynt ekki lengur talin vera til staðar. Jafnframt var tekið fram að afnám þessarar sérreglu leiddi ekki sjálfkrafa til þess að um dráttarvexti af þeim færi samkvæmt sömu reglum og um dráttarvexti af peningakröfum í íslenskum krónum. Aðra niðurstöðu kynni að leiða af reglum alþjóðlegs einkamálaréttar, t.d. á grundvelli samnings aðila. Hefði ekki verið samið um hvers lands lögum skyldi beitt við úrlausn ágreinings skæru reglur alþjóðlegs einkamálaréttar úr um það hvaða lög ættu að gilda, þar á meðal um útreikning dráttarvaxta.

Eins og rakið hefur verið giltu dönsk lög um þær kröfur sem stefndi fékk til innheimtu, enda voru þær í dönskum krónum og áttu upphaflega rætur að rekja til vöruviðskipta þar sem seljandinn var danskt félag. Stefnandi, sem er íslenskt félag er fékk kröfurnar leystar til sín eftir að Hampidjan Danmark AS var lagt niður, hefði getað umreiknað skaðabótakröfu sína yfir í íslenskar krónur þegar skaðabótakröfunni var komið á framfæri við stefnda fyrst með tölvuskeyti 5. september 2011 og síðar með bréfi 14. nóvember 2011. Stefnandi hefur hins vegar kosið að setja skaðabótakröfu sína fram í dönskum krónum þar sem hann hafi orðið af greiðslu krafnanna í þeirri mynt. Með því er áfram byggt á þeim sterku tengslum við danskan rétt sem skaðabótakrafan er reist á. Af þessum sökum, og með vísan til þess sem að framan er rakið um réttarstöðuna eftir afnám sérreglu um dráttarvexti af peningakröfum í erlendri mynt, eru ekki lagaforsendur til að fallast á dráttarvaxtakröfu stefnanda eins og hún er fram sett. Ber því að sýkna stefnda af henni.

Í ljósi alls þess sem hér hefur komið fram er það niðurstaða dómsins að stefnda beri að greiða stefnanda 789.325 danskar krónur í skaðabætur. Aftur á móti ber að sýkna stefnda af dráttarvaxtakröfu stefnanda. Þegar litið er til niðurstöðu málsins, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefndi jafnframt dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað. Að teknu tilliti til kostnaðar stefnanda af þýðingum, eðlis ágreinings aðila og reksturs þess fyrir dómi þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 1.200.000 krónur.

Ásmundur Helgason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefndi, Motus ehf., greiði stefnanda, Hampiðjuni hf., 789.325 danskar krónur.

Stefndi er sýkn af kröfu stefnanda um dráttarvexti.

Stefndi greiði stefnanda 1.200.000 krónur í málskostnað.

Ásmundur Helgason (sign.)